




Styrkir til sveitafélaga

Sveitamennt styrkir
þjálfun og fræðslu



Sveitamennt



Um Sveitamennt

Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Markmið sjóðsins er annars vegar að efla símenntun starfsmanna (einstaklingsdeild sjóðsins) og hins vegar að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra (sveitarfélagadeild sjóðsins) á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma.



Fræðslustjóri að láni...

Sveitarfélög geta gert samning við Sveitamennt og fleiri fræðslusjóði um fræðslustjóra að láni í ákveðinn tíma til þess að greina fræðsluparfir og í kjölfarið gert fræðsluáætlun sem hentar. Slíkt verkefni aðstoðar sveitarfélög við að koma á markvissara skipulagi í tengslum við endur- og símenntun starfsmanna sinna.



Sveitamennt styrkir í kjölfarið...

Sveitarfélög fá styrk hjá Sveitamennt til námskeiðahalds fyrir starfsmenn sem jafnframt eru félagsmenn aðildarfélaga SGS á landsbyggðinni.

Almennir styrkir til fræðslu eru allt að 100% af kostnaði til sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.





Styrkir til eigin fræðslu stofnana...

Sveitarfélög geta sótt um styrk til að kosta fræðslu sem fram fer innan stofnanna þeirra með eigin leiðbeinendum. Gerður er samningur um slíka fræðslu fyrirfram, það er áður en námskeið eru haldin.

Hvernig er sótt um styrki til fræðslu?

Sveitarfélög geta sótt um styrk til fræðslu á heimasíðu Sveitamenntar www.sveitamennt.is

Um er að ræða rafrænar umsóknir þar sem hægt er að hengja inn viðhengi með nánari upplýsingum um viðkomandi fræðsluverkefni. Nauðsynlegt er að með fylgi listi yfir þátttakendur þar sem fram kemur félagsaðild ásamt með upplýsingum um námið og kostnað.

Stjórn Sveitamenntar tekur fyrir umsóknir mánaðarlega og afgreiðir með formlegum hætti.

Samstarfssamningur Sveitamenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar

Félagsmenn í aðildarfélögum innan SGS geta sótt námskeið sem Fræðslusetrið Starfsmennt býður upp á vítt og breitt um landið. Sveitamennt greiðir skv. samningi milliliðalaust, fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga sem jafnframt eru félagsmenn aðildarfélaga SGS á landsbyggðinni.

Hvert á að hafa samband?

— — — — —
| Hringdu í síma 599 1450 |
| eða sendu tölvupóst með |
| fyrirspurn á |
| sveitamennt@sveitamennt.is |
| og fáðu nánari upplýsingar. |
— — — — —



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Starfsgreinasamband
Íslands



Sveitamennt

Skipholti 50 b, 3. hæð • 105 Reykjavík
Sími 599 1450 • sveitamennt@sveitamennt.is